

Starfsáætlun 2026 - 2027 (3).docx

Starfsáætlun Leikskólinn Dalur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Skólaárið 2026 - 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Efnisyfirlit

1. Greinagerð leikskólastjóra 4
2. Skólastarfið/Leiðarljós 5
3. Mat á skólastarfi 6

Innra mat leikskólans 6

Niðurstöður úr matsáætlun 2025-2026 6

Ytra mat 7

Foreldra könnun á vegum Skólapúlsins. 7

Starfsmannakönnun á vegum Prósent 8

4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 9
5. Innra mat Rauðu lindar 10

Umbótaáætlun Rauðu lindar 2026 – 2027 11

1. Innra mat Gulu lindar 12

Umbótaáætlun Gulu lindar 2026 – 2027 13

2. Innra mat Grænu lindar 14

Umbótaáætlun Grænu lindar 2026 – 2027 15

3. Innra mat Bláu lindar 16

Umbótaáætlun Bláu lindar 2026 – 2027 17

4. Innra mat sérkennslu 18

Umbótaáætlun Sérkennslu 2026 – 2027 19

5. Foreldrasamstarf 20

Foreldrasamstarf 20

Foreldraráð 21

Foreldrafélag 21

6. Starfsfólk 21

7. Símenntunaráætlun 22

Námskeið sem farið var á 2025 – 2026 22

Skipulagsdagar 23

8. Aðrar upplýsingar 24
9. Húsnæði og lóð 24
10. Öryggismál 25
11. Fylgigögn 25

Fylgiskjal 1 - Skóladagatal 25

Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs 25

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

1. Greinargerð leikskólastjóra




Þá er annað skólaár á enda runnið. Ég get með sanni sagt að hér er gott að vera, starfsmannahópurinn er stöðugur, margir sem hafa unnið hér í vel yfir 10 ár. Það er tryggð sem er gott að hafa og skilar sér í starfið með börnunum. Einnig hafa margir foreldrar útskrifað öll sín börn héðan og sýnir það okkur að hér finnist foreldrum og börnum gott að vera. Það erum við þakklát fyrir.

Stóra verkefni líðandi skólaárs var að yfirfara skólanámskrána sem var komin vel til ára sinna. Sú vinna fór fram á skipulagsdögum í fræðslu, umræðuhópum og verkefnum. Svo tók deildastjórahópurinn við keflinu og vann áfram. Skólanámskráin er núna á lokametrunum og ég tel að við séum með námskrá sem endurspegli starfið í Dal vel og sem allir kennarar hafi haft hlutdeild í að skapa. Hlakka ég til að sýna ykkur hana þegar hún hefur farið fyrir leikskólanefnd.



Á næsta skólaári er á dagskrá að endurskoða læsisáætlun skólans og gera Málstefnu. Við byrjuðum aðeins á skipulagsdegi í maí þar sem kennarar deildanna sýndu hver öðrum hvernig unnið væri með læsi á sínum deildum. Það var bæði áhugavert og fjölbreytt. Hlökkum til þessarar vinnu í vetur. Einnig er stefnan tekin á námsferð erlendis í maí og erum við byrjuð að undirbúa hana.



Á árinu voru gerðar nokkrar framkvæmdir og fengum við ekki eina heldur þrjár nýjar innréttingar, í listaskála, hreyfisalnum og einnig á kaffistofu. Þetta var löngu tímabært og stórbættar vinnuaðstæður. Allt leirtau fór út úr eldhúsinu sem var mikilvægt skref. Aðstaðan á kaffistofunni er allt önnur. Einnig var gert fataherbergi fyrir starfsfólk sem er gríðarlegur munur því fataherbergið er ansi þröngt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

2. Skólastarfið/Leiðarljós

Skólastarf er í sífelldri mótun, starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er höfuðáhersla lögð á gæði í samskiptum enda eru þau grundvallarþáttur í öllu starfi skólans. Læsi á stóran sess í starfinu ásamt ýmsum hefðum.

Einkunnarorð leikskólans Dals eru

Virðing

ábyrgð

sjálfstæði



Markmið okkar er að virðing sé borin fyrir öllum þeim sem að leikskólanum koma. Við berum virðingu hvert fyrir öðru jafnframt því að bera ábyrgð á eigin hegðun og gjörðum.

Virðing	***Ábyrgð***	***Sjálfstæði***
Fyrir sjálfum sér	Á sjálfum sér	Í vali
Fyrir öðrum	Á vali sínu	Í skoðunum
Fyrir tilfinningum	Á gerðum sínum	Í tjáningu
Fyrir umhverfinu	Á orðum sínum	Í verkum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

3. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Innra mat á að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Mat skólans er viðvarandi verkefni byggt á viðmiðum sem fram koma í Aðalnámskrá, skólanámskrá skólans og starfsáætlun. Hlutverk innra mats er að skoða og meta framkvæmd stefnu og markmiði skólans. Í framhaldi af því mati er mótuð umbótaáætlun. Deildirnar gera innra mat fyrir sínar deildir með 3-4 matsþáttum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri gera innra mat fyrir stjórnunarhluta skólans og sérkennslustjóri fyrir sérkennslu skólans. Innra mat er alltaf samvinnuverkefni allra starfsmanna, síðastliðna tvo vetur höfum við unnið þetta svona og hefur það gengið vel. Foreldraráð les síðan yfir starfsáætlun og gefur umsögn. Við munum síðan nota matsbók barnsins til þess að stuðla að þátttöku foreldra og barna í mati á leikskólastarfinu. fyrir þá þætti sem út af standa. Matsteymi Dals er stjórnendahópurinn, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar. Foreldraráð les svo yfir.

Niðurstöður úr matsáætlun 2025-2026

Í yfirlitinu hér fyrir neðan má sjá árangur umbótastarfs líðandi skólaárs.

Viðfangsefni/ markmið	**Hvernig fór matið fram?**	**Viðmið um árangur Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	**Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)**
Skólanámskrá	Vinnan gekk vel og var markviss, dreift vel yfir veturinn. Unnið á skipulagsdögum og svo tók stjórnenda hópurinn við keflinu. Vinnudagur utan leikskólans nýttist vel.	Allir starfsmenn skólans. Foreldraráð las svo yfir.	Skólanámskráin er tilbúin og bíður yfirlestrar leikskólanefndar.
Hlutverk kennara í leik barna	Leikurinn var ræddur í vinnu skólanámskrár. Þetta var þó ekki tekið fyrir sérstaklega í sér verkefni og því niðurstöður ekki jafn markvissar	Allir starfsmenn.	Hefur gengið betur en áður en sumar deildir lengra komnar en aðrar.
Fundaskipulag	Það er erfitt að festa alveg fast fundaplan en við settum að hausti fundi fram í tímann í dagbækur og gekk frekar vel að halda því plani.	Stjórnendahópurinn.	Vorum dugleg að halda plani sem var sett niður en datt svo upp fyrir þegar fór að vanta í deildastjórahópinn. Veikindi, nám og fæðingaorlof.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Ytra mat



Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og Aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Foreldra könnun á vegum Skólapúlsins.

Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar 2026 og var svarhlutfall 81,7%. Almennt ríkir mikil ánægja meðal foreldra. Ánægja með leikskólann er mjög há, 98,1%, og ánægja með stjórnun mælist 100%. Einnig kemur fram að börnum líður almennt mjög vel í leikskólanum, þar sem ánægja mælist 97,6%. Þessar niðurstöður eru yfir landsmeðaltali og benda til sterkrar heildarstöðu leikskólans.

Daglegt starf og aðstæður fá einnig mjög góða einkunn. Foreldrar telja að börn fái hollt og gott mataræði (96,4%) og eru ánægðir með húsnæði og aðstöðu (94,7%). Félagsleg samskipti mælast mjög sterk, eða 98%, sem bendir til þess að börn fái góðan stuðning í samskiptum og félagsfærni. Námsumhverfið er einnig metið jákvætt, bæði hvað varðar vinnubrögð starfsfólks (91,1%) og aðstöðu (95,5%).

Þrátt fyrir þessa styrkleika koma fram ákveðin tækifæri til umbóta. Samskipti við foreldra eru almennt góð en mælast þó lægri en margir aðrir þættir, til dæmis upplýsingamiðlun (81,2%). Þá er ánægja með leikskólabyrjun (80%) undir landsmeðaltali, sem gefur til kynna að bæta megi aðlögun barna og foreldra. Við tökum þessa þætti og vinnum með þá, við viljum bæta þessa þætti og vonandi náum við að hækka tölurnar og þar með bæta starfið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Í heild sýna niðurstöðurnar að leikskólinn Dalur stendur mjög vel í starfi sínu, með sérstaklega sterka stöðu í ánægju, líðan barna og faglegu starfi.

Starfsmannakönnun á vegum Prósent

Við erum ánægð með útkomu starfsmannakönnunar á vegum Prósent sem sýna að starfsfólk er almennt mjög ánægt í starfi og ríkir sterkur og jákvæður starfsandi. Starfsánægja mælist há og bæði hollusta og tryggð eru enn hærri, sem bendir til þess að starfsfólk sé bæði skuldbundið vinnustaðnum og hafi vilja til að vera þar áfram. Niðurstöðurnar eru að jafnaði betri en meðaltal Kópavogsbæjar, sem gefur til kynna að starfsemi leikskólans standi sterkt í samanburði.



Einnig kemur fram að samstarf og félagslegur andi á vinnustaðnum sé öflugur og starfið sjálft er talið áhugavert og gefandi. Starfsmenn upplifa að þeir ná árangri í starfi og hafa svigrúm til sjálfstæðrar ákvarðanatöku. Þá eru starfsmannasamtöl sérstaklega vel metin og teljast gagnleg fyrir starfsfólk.

Þegar litið er til fræðsluþarfa kemur fram að starfsfólk hefur áhuga á að efla sig áfram, sérstaklega í samskiptum og vellíðan í starfi, notkun tölvukerfa, faglegri þekkingu og öryggismálum. Þetta bendir til vilja til þróunar og umbóta innan starfsins.

Í heild sýna niðurstöðurnar að leikskólinn er sterkur vinnustaður með ánægt og tryggt starfsfólk, þar sem helstu styrkleikar liggja í góðum stjórnanda, sterkum samstarfsanda og jákvæðu viðhorfi til starfsins. Helstu áskoranir snúa hins vegar að vinnuálagi og ákveðnum þáttum í starfsskilyrðum, sem mikilvægt er að taka á til að viðhalda og styrkja enn frekar góðan starfsanda.

Húsumsjónarmaður skólans sér um að fara yfir eldvarnir skólans og fyllir út þar til gert skjal. Slökkvilið kemur líka, skoðar aðstæður og ræðir við elstu börn skólans.

Öryggiseftirlit lóðar er gert á hverju ári af úttektaraðilum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsisáætlun	Áætlun um læsisstefnu þarf að uppfæra að nýjustu stöðlum bæjarins. Komin til ára sinna sú sem nú er í notkun.	Að þessi vinna fari fram með öllu starfsfólki skólans. Einnig að finna hvernig við fáum foreldra og börn með okkur í þessa vinnu.	Sonja aðstoðar leikskólastjóri	Haust	vor	Á skipulagsdögum með starfsmannahóp leikskólans. Stjórnendahópurinn vinnur svo áfram úr þeim dögum.	Að áætlun um læsistefnu Dals sé tilbúin fyrir sumarlokun leikskólans 2027
Málstefna	Að gera málstefnu fyrir leikskólann Dal. Hefur ekki verið gert áður.	Að við vinnum þessa stefnu með öllu starfsfólki skólans og fáum foreldra og börn með okkur í þessa vinnu.	Ragnheiður leikskólastjóri	Haust	vor	Á skipulagsdögum með starfsmannahóp leikskólans. Stjórnendahópurinn vinnur svo áfram úr þeim dögum.	Að Málstefna Dals sé tilbúin fyrir sumarlokun leikskólans 2027
Starfsmanna handbók	Starfsmanna handbók Dals er of viðamikið plagg og viljum við gera það notendavænna	Þessi vinna verður gerð í stjórnendahópnum okkar. Lesa okkar og aðrar sambærilegar. Vinnum nýja og setjum kafla um móttöku nýs starfsfólks.	Ragnheiður leikskólastjóri	Sumar 26	Október 26	Hafa styttri tímaramma til þess að þetta verði ekki undir í vinnu með læsis og málstefnu.	Að starfsmanna handbók verði tilbúin fyrir nóvember 2026 og komist sem fyrst í notkun.

5. Innra mat Rauðu lindar





Á leikskólaárinu 2025–2026 voru 25 börn á Rauðu Lind, fædd 2020–2022. Skólaárið hófst með rólegri og markvissri aðlögun sem gekk vel og eldri börnin

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

tóku vel á móti þeim yngri. Áhersla var lögð á félagsleg tengsl og nám í gegnum leik, og í samstarfi við Gulu Lind var rými og útivist skipulögð þannig að tengsl meðal jafnaldra yrðu efld og svigrúm skapaðist fyrir frjálsan og skapandi leik.

Regnbogahópurinn, árgangur 2020, heimsótti Lindaskóla. Einnig voru farnar ferðir á bókasafn Lindaskóla. Í hópastarfinu var unnið með Lubba og lögð áhersla á hljóðkerfisvitund, fínhreyfingar, menningu og árstíðir. Börnin heimsóttu meðal annars Þjóðleikhúsið, Alþingi og Árbæjarsafnið.



Einhyrninga- og Gröfuhópurinn, árgangar 2021 og 2022. Lærðu saman í gegnum Lubba, fóru í ferðir og nutu leiks bæði inni og úti. Samvera barna á mismunandi aldri skapaði góð skilyrði fyrir félagslegan þroska, þar sem yngri börnin lærðu af hinum eldri og öll þróuðu með sér samkennd og samstarfsfærni.

Heilbrigði og vellíðan: Farið var yfir reglur matstofunnar og lögð áhersla á að börnin þróuðu jákvætt viðhorf til matar og gætu metið magamál sitt. Elstu börnin fengu stærra hlutverk; þau settu upp matseðilinn, lögðu á borð, aðstoðuðu yngri börnin og buðu deildinni í mat. Þetta gekk vel og börnin njóta sín í matstofu.

Læsi: Markmið var að fjölga samverustundum og lesa með börnunum í minni hópum til að efla orðaforða, hlustun og söng. Að hluta til gekk þetta eftir; sögur voru lesnar og spjallað á morgnana. Hins vegar tókst ekki alltaf að skipta börnunum í litla hópa og söngur hefði mátt vera meiri. Þetta verður því áfram markmið deildarinnar með aukinni áherslu á næsta starfsári.



Að efla leik barnanna: Markmið var að endurskoða og bæta námsumhverfi. Umhverfið er nú aðgengilegra og hvetjandi fyrir börnin. Börnin eru meira sjálfbjarga með efnivið, rýmið er hólfað niður sem skapar meira næði. Þessar breytingar hafa skilað sér í lengra úthaldi barna í leik og skapar rými fyrir hugmyndaflug barnanna.

Umbótaáætlun Rauðu lindar 2026 – 2027

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Heilbrigði og vellíðan	Skapa umhverfi þar sem börnunum og kennurum líður vel.	Vinna með samvinnu,vináttu og virðingu í samskiptum. Efla vináttu og að tilheyra hópnum. Nota Barnasáttmálann í verkefnavinnu.	Soffía	Sept 26	feb 2027	Hlusta á börnin. Efla félagsfærni, samvinnu, og jákvæð samskiptum	Jákvæð samskipti við börn og fullorðna. Upplifi ánægju í leikskólanum. Sjá færri tilvik sem tengjast ágreiningi
Skráningar	Nýta skráningar til þess að efla nám og hlusta á sjónarmið barnanna	Taka Matsbók Barnsins í gagnið. Nýta hana í skráningar s.s Myndataka, upptaka, teikningar og fl.	Stella /Adda	Ág. 26	Des 2026	Fylgja eftir að matsbók sé notuð með deildar fundar umræðum	Að Matsbókin verði fastur hluti starfsins þannig að hún auki gæði og mat frá börnum.
Samskipti/sjálfsefling deildar	Skoða innra starf deildarinnar, með því að rýna í starf kennara, samkipti, hlutverk o.fl.	Fleiri deildarfundir, regluleg samtöl á milli starfsfólks og deildarstjóra.	Stella	Sept 26	maí 2027	Opnar umræður í deildarfundum um samskipti og samstarf. Samtöl við starfsmenn um líðan og þarfir.	Gott vinnuumhverfi sem stuðlar að vellíðan starfsmanna. Að starfið á deildinni verði sýnilegra og nám barna verði enn betra. Starfsfólk finni til aukinnar liðsheild og trausts í teyminu.

1. Innra mat Gulu lindar

Veturinn 2025-2026 voru 25 börn á Gulu lind. 13 börn fædd 2020, 11 börn fædd 2021 og eitt barn fætt 2022. Við lögðum mikla áherslu á útiveru þennan veturinn og vildum auka vettvangsferðir. Það gekk vel og við aldursskiptum hópunum í útiveru. Við fórum í vettvangsferðir á leikvelli í nágrenni leikskólans, Lindaskóla, Lindasafn og Hamraborg svo eitthvað sé nefnt. 2020 árgangurinn fór svo á hina ýmsu viðburði eins og; Árbæjarsafn, Þjóðleikhúsið, út að





Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

borða á Hard Rock, Alþingi, Grasagarðinn, Lindakirkju, Jólaköttinn í Hamraborg, Borgarsögusafn og útskriftaferð í Vatnaskóg. Einnig í tölvu- og íþróttatíma í Lindskóla. Við fengum heimsókn frá Lögreglunni, Sjúkrabílnum og Slökkviliðinu.

Það sem við vildum helst breyta og bæta á líðandi skólaári var hópastarfið. Við vildum endurhugsa það frá grunni og vinna það út frá áhugasviði barnahópsins. Við tókum því allt "skipulagt starf" út af dagskipulagi og lögðum áherslu á nám í gegnum frjálsan leik. Leikurinn er aðal námsleið

leikskólabarna en nám í gegnum leik felst í því að börnin læri best með því að leika sér. Þá rannsaka þau umhverfi sitt á sinn hátt, þróa hugmyndir sínar, leysa verkefni, tjá hugsanir sínar og tilfinningar. Leikurinn ýtir einnig undir félagsfærni, sköpun og sjálfstæði. Hlutverk starfsfólksins var að skapa öruggt og hvetjandi námsumhverfi sem styður við leik barnanna og grípa þau tækifæri sem skapast til að efla þroska þeirra. Þessi innleiðing gekk vonum framar og nú er nám í gegnum leik orðið að eðlilegum hluta daglegs starfs á Gulu-lind. Ferlið hófst með því að við gáfum frjálsa leiknum mun meira vægi en áður. Við vorum ekki bundin af klukkunni og sami leikur gat haldið áfram ótruflaður allan daginn og þess vegna marga daga í röð. Tilkoma

matstofunnar gerði okkur kleift að auka flæði og minnka tiltekt.

Samhliða þessu urðu samverustundirnar markvissari og við reyndum að aldursskipta hópnum allavega þrisvar í viku. Höldum því áfram næsta vetur. Lubbastundirnar fóru fram í samverustund á þriðjudögum þar sem öll deildin var saman og það tókst mjög vel. Á komandi skólaári komum við til með að halda áfram að þróa frjálsa leikinn enn frekar og er sú vegferð komin vel á veg.



Umbótaáætlun Gulu lindar 2026 – 2027

UMBÓTA-ÞÁTTUR/MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Réttindaráð	Réttindaráðið hefur verið stofnað og því nauðsynlegt að finna tíma fyrir fundina.	Elstu börnin hittast einu sinni í viku í Lindaskóla. Skilaboða tré úti í garði/forstofu. Hugmyndakassi.	Anna Gyða og Elvur	Ágúst 2026	jan 2027	Tökum stöðuna á deildarfundi og ábyrgðaraðilar ræða saman í undirbúning.	Að réttindaráðið verði eðlilegur hluti af starfi elsta hóps.
Lestrarstundir	Að einblína á aldurs- og getumiðaða hópaskiptingu í lestrar- og samverustundum.	Skipta hópunum í þrennt. Elstu börnin sér í innra herbergi, Steinunn tekur 4 börn út af deild í sögustund og Dominika eða Fróði verða með sögustund fyrir restina af mið hóp	Steinunn	Ágúst 2026	Des 2026	Deildarfundir	Að allir verði meðvitaðir um að lestrarstundir séu einstaklingsmiðaðar og skipt upp í þessa þrjá hópa.
Útinám	Nýta útiveruna til náms.	Fara með stóra og smáa hópa út að skoða náttúruna.	Dominika	Ágúst 2026	Maí 2027	Deildarfundir og skráningar	Að útinám verði eðlilegur partur af daglegu starfi.
Könnunaraðferð	Til að dýpka frjálsa leikinn	Finna viðfangsefni sem börnin hafa áhuga á og rannsaka hann með könnunaraðferðinni	Fróði	Sept 2026	Des2026	Með skráningum.	Að við höfum unnið verkefni sem kafað er á dýptina með könnunar aðferðinni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

2. Innra mat Grænu lindar

Leikskólaárið 2025 – 2026 voru samtals 18 börn: 14 fædd 2022. 4 fædd 2023 og 2 fædd 2024. Eftir áramótin hættu tvö börn í elsta hóp og þá komu tvö börn fædd 2024.



Aðlögun gekk þokkalega enda komu flest börnin af Bláu lind yfir á Grænu eða 14 börn. 4 börn komu ný inn.

Hópastarfið er aldursskipt og byrjaði í september hjá eldri árgangi en í október hjá þeim yngri. Það hefur gengið þokkalega en barnahópurinn var krefjandi og oftast mjög áhugasamur. Eins og áður er unnið markvisst með „Lubbi finnur málbein“ og heimaþekkingu. Vináttubangsinn Blær er notaður í hvíldinni.

Foreldraviðtöl voru haldin á vorönn. Gerð var TRAS málþroskaskráning og var farið yfir það með foreldrum í viðtali.

Farið var út nánast daglega og fórum við stundum í sögustund á bókasafnið í Lindaskóla.

Markmiðin sem við settum okkur með: sjálfsprottinn leik, gönguferðir og matstofu stóðust að öllu leyti nema að við þurfum að taka okkur á hvað varðar gönguferðir. Sjálfsprottinn leikur er mikill á deildinni og oft var starfsfólk búið að stilla upp leikefni á deildinni til þess að kveikja áhuga barnanna og voru börnin dugleg að nýta það. Matstofan gengur mjög vel og eru börnin dugleg að hjálpa sér sjálf þar.



Umbótaáætlun Grænu lindar 2026 – 2027

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Fataherbergi	Setja orð á athafnir.	Taka færri börn fram í einu.	Margrét	Maí 2026	Nóv 2026	Á deildarfundum og á skipulagsdegi í nóvember.	Börnin fái að njóta sín í fataherbergi. Fá meiri tíma til að klæða sig.
Gönguferðir og önnur leiksvæði	Leika sér í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstæður.	Göngutúrar, bókasafnið og vettvangsferðir.Nýta önnur leiksvæði í grennd	Þórunn	Maí 2026	Nóv 2026	Með skráningu í kennsluáætlun (*skráning*), á deildarfundi (skipulagsdegi í nóvember)	Að börnin fái tækifæri til að leika í öðru umhverfi.
Matstofa	Upplifa rólegt og notalegt andrúmsloft	Vera með tónlist. Skapa meiri rólegheit	Aðalheiður	Maí 2026	Nóv 2026	Á deildarfundum og á skipulagsdegi í nóvember.	Að börnum líði vel í matstofu. Minnka áreiti.
Hvíld	Upplifa vellíðan og slökun. Hafa tækifæri til að sofa/hvíla sig eins lengi og þau þarfnast.	Hvíld í að lágmarki 30 mín á dag.	Telma	Maí 2026	Nóv 2026	Á deildarfundum og á skipulagsdegi í nóvember.	Að börnin nái að hvílast og fá orku í daginn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

3. Innra mat Bláu lindar

Skólaárið 2025-2026 voru 14 börn á Bláu Lind, tíu börn fædd 2023 og fjögur fædd 2024. Tólf börn hófu aðlögun að hausti og gekk hún almennt vel.

Aðaláhersla skólaársins var læsi og var einblínt bæði á læsi í bókstaflegri merkingu og félagslæsi. Frjáls leikur var mikið áhersluatriði inni á deild og gengu umbætur að mestu leyti út á gæði leiksins og meiri nýtingu námstækifæra í honum. Einnig þurfti að auka meðvitund foreldra á mikilvægi læsis.

Deildarstjóraskipti höfðu töluverð áhrif á framgang umbóta en þrátt fyrir áskoranir hefur tekist að fylgja þeim.



Námsumhverfi: Efniviður deildarinnar var tekinn í gegn þar sem talið var að það væri of mikið af plastdóti og lokuðum efnivið. Markmiðið var að hafa efniviðinn fjölbreyttari og opnari. Einnig þurfti að bæta aðgengi barnanna að efniviðnum. Það var nauðsynlegt að fækka úreltu plastdóti inni á deild og var strax farið í þær aðgerðir í september 2025. Þá var líka farið í aðgerðir að auka opinn efnivið sem stuðlaði meðal annars að könnunarleik. Efniviður var skipulagður og merktur með texta og myndum til að auka aðgengi barnanna að efniviðnum og stuðla þannig að sjálfstæði þeirra. **Félagsfærni**: Það var þörf á að bæta leik barnanna og var talið að of margir einstaklingar væru í sama rými sem dró úr gæðum leiksins og því snerust umbætur að miklu leyti um að skipta barnahópnum niður í smærri hópa og dreifa þeim á fleiri leikrými. Þá voru nýtt námstækifæri í hópunum til að ýta undir samkennd og hjálpsemi ásamt því að fræðast um tilfinningar sínar og annarra en þetta stuðlar að félagslæsi. Við höfum séð miklar framfarir í samskiptum milli barnanna inni á deild og eru börnin dugleg að taka tillit til annarra, félagsþroski hefur aukist gríðarlega á misserinu.
Samstarf við foreldra um læsi: Talið var að ekki nógu mikil fræðsla væri fyrir foreldra um mikilvægi lesturs og hvernig best sé staðið að eflingu máls. Ekki náðist að halda aðlögunarviðtöl að hausti en rætt var við foreldra yfir haustið í daglegum samskiptum. Foreldraviðtöl voru haldin í janúar og febrúar og var foreldrum gert ljóst hvað er gert í leikskólanum til að efla málþroska og læsi og hvað þeir geti gert heima við.



Umbótaáætlun Bláu lindar 2026 – 2027

UMBÓTA-ÞÁTTUR/MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Umhverfi	Þarf að skoða efnivið (könnunarleik) og skipulag inni á deild.	Aðgengi barnanna að efniviði þarf að bæta og skipuleggja deild betur.	Elfa	Maí 2026	Ágúst 2026	Deildarfundir og leikskráningar.	Að rými sé skipulagt og börnin hafi aðgang að öllu og það sé búið að fara í gegnum könnunarleik.
Hæglæti	Huga að hæglæti í öllu starfi, sérstaklega í fataherbergi.	Of margir í fataherbergi á sama tíma og verið að flýta sér of mikið.	Helga	September 2026	Desember 2026	Deildarfundir	Gott flæði í starfi og starfsfólk hugar að því að vera ekki að flýta sér
Matartímar	Auka sjálfstæði í matartímum og ræða hvað er í matinn.	Þarf að huga að því að börn séu sjálfstæðari í matartímum og að matur sé ræddur fyrir alla matartíma	Otylia	Janúar 2027	Maí 2027	Deildarfundir og skráningar á matartímum	Börn hafa tækifæri til sjálfsæðis í matartímum og matur alltaf ræddur fyrir matartíma.
Líkamsbeiting	Leikrými þarf að efla grófhreyfingar og fatnaður þarf að taka mið af því.	Bjóða oftar upp á fjölbreytt leikrými sem eflir grófhreyfingar og ræða við foreldra um viðeigandi fatnað.	Ela og Elfa	Ágúst 2026/Október 2026	Maí 2027	Leikskráningar, aðlögunarviðtöl og matsbók	Foreldrar meðvitaðir um viðeigandi fatnað í leikskólanum og leikrými tekur mið eflingu grófhreyfinga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

4. Innra mat sérkennslu

Leikskólinn er fyrsta skólastig fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna efli vináttubönd og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er talinn ávinningur fyrir alla að eiga

þar fjölbreytt samfélag. Börn með fötlun og börn með frávik í þroska fá sérkennslu eða stuðning samkvæmt þeim reglum sem sveitarfélagið setur þar um.

Skipulagning sérkennslu 2025-2026 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar? Hvernig var skráningu háttað? Lausnateymi Farsældin	Framkvæmd sérkennslunnar er sameiginleg ábyrgð alls starfsfólks deilda. Sérkennslustjóri, sérkennarar, ásamt deildarstjórum, skipulögðu þá vinnu sem fram fór síðastliðinn vetur. Ýmist var unnið með nemendur í einstaklingsþjálfun, í litlum hópum, eða stuðningur við daglegt starf inni á deild. Samhliða því var mannauðurinn á deildinni nýttur, hópar minnkaðir og aldursskiptir. Í vinnu með börnum sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn höfum við stuðst við móttökuáætlun Kópavogsbæjar. Misjafnt er hvernig skráningum er háttað, fer eftir því hvað er verið að athuga. Sumt er skráð með athugunum inn á deild, annað með beinum athugunum í sérkennsluherbergi, eða inni á deild. Þrír starfsmenn eru í lausnateymi Dals, tveir sérkennarar og sérkennslustjóri. Í vetur var einn starfsmaður í veikindaleyfi þannig að teymið var að mestu leyti skipað tveim starfsmönnum. Teymið fundar þegar deildarstjórar óska eftir aðkomu þess, eða eftir þörfum. Innleiðing farsældarinnar hefur gengið vel. Verið er að vinna í því að allt starfsfólk sé meðvitað um hvað felst í farsældarlögunum, deildarstjórar hafa farið á kynningu og voru kynningar veggspjöld sett upp í farsældarvikunni.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fleira.	Tras skráning er gerð á öllum börnum leikskólans frá tveggja ára aldri nema þeim börnum sem hafa íslensku sem annað mál. Með þeim notum við hæfniramma í íslensku. Hljóm-2 skimun er gerð á öllum börnum á elsta ári leikskólans og Efi-2 á öllum börnum á fjórða ári. Einnig nýtum við Orðaskil, AEPS og Lanis málþroskaskimun ef þurfa þykir.

Umbótaáætlun Sérkennslu 2026 – 2027

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Einstaklings námsskrár	Betri eftirfylgni eftir einstaklingsnáms skrár vinnu.	Regluleg samtöl við deildarstjóra og gera þá meira ábyrga fyrir því að unnið sé eftir námsskránum.	Anna Guðrún	Sept ´26	Jan ´27	Regluleg samtöl við deildarstjóra	Góðar skráningar í einstaklings námsskrár
Ráðgjöf fyrir foreldra	Betri eftirfylgni með þeirri ráðgjöf sem foreldrar fá t.d. þegar grunur er um slakan málþroska, eða þegar þegar barn sýnir krefjandi hegðun	Að fundað sé með foreldrum eftir fyrstu ráðgjöf eftir 6 – 8 vikur. Fara vel yfir hvernig gengur heima og í leikskólanum. Gera góðar fundargerðir til þess að fylgjast vel með	Anna Guðrún	Sept ´26	Jan ´27	Góð fundargerðarskráning	Að það séu að lágmarki tveir fundir með hverju máli eða þar til ekki er talin þörf á fleiri samtölum.



5. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf

Dalur leggur áherslu á gæði í samskiptum og það að eiga góð samskipti við foreldra skiptir miklu máli. Gott samstarf skilar árangri og börnunum líður betur. Foreldrum eru alltaf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

velkomið að taka þátt í starfinu okkar og mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um nám barnanna og skólastarfið.

Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem kosið er í foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldrasamtöl eru einu sinni til tvisvar á ári og oftar ef þurfa þykir.



Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Í foreldraráði eru 3 foreldrar. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Þess má geta að:

- Foreldrafélagið býður upp á leiksýningu fyrir jólin og á sumarhátíð
- Foreldrafélagið skipuleggur sveitaferð um helgi eða á rauðum degi, með þátttöku foreldra
- Foreldrafélagið gefur hverri deild möndlugjöf í desember.
- Foreldrafélagið hefur gefið skólanum hinar ýmsu gjafir – fer eftir því hvað vantar

Foreldrar greiða einu sinni á ári í foreldrasjóð en gjaldið er 7.500 á barn og fyrir systkini er gjaldið 11.000 þúsund.

6. Starfsfólk

Í Dal er stöðugur starfsmannahópur. Hér starfa ellefu kennarar auk stjórnenda, sérkennslustjóri sem er líka tengiliður farsældar, þrír með aðra háskólamenntun, einn kennaranemi, sex leiðbeinendur flestir með langa starfsreynslu auk tveggja starfsmanna í eldhúsi. Einnig



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

var einn háskólanemi í afleysingum hjá okkur í vetur. Hjá okkar starfar líka einn starfsmaður sem kemur frá Vinnumálastofnun. Aldur starfsfólks er líka allskonar, allt frá 20. ára og upp í 67 ára. Fjölbreytileikinn hjálpar okkur í starfinu, ungur nemur gamall temur.

Stöðugildin fyrir síðasta skólaár voru 22,3 og verða þau svipuð næstkomandi vetur.

7. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Á skipulagsdögum eða starfsmannafundum erum við með námskeið sem allir þurfa að komast á líkt og skyndihjálparnámskeið. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði.

Námskeið sem farið var á 2025 – 2026

Starfsmannahópurinn var duglegur að sækja námskeið og ráðstefnur á líðandi skólaári. Hér er upptalning á þeim helstu.

Farsæld og samþætt þjónusta

UNICEF fræðsla

ADHD samtökin námskeið

Íslensku námskeið í 10 vikur hjá Retor

AEPS námskeið

Einhverfunámskeið

Málörvun – Ágústa talmeinafræðingur

Miðja mál og læsi – málstefnuvinna

Teams – kennsla á kerfinu

One system

Ráðstefna Sérkennara

Copilot grunnnámskeið

Vorráðstefna RGR

Námskeið um lesblindu



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Námskeið fyrir matráða

Hvað er leikskóli ?

Að finna taktinn Ráðstefna um hæglátt leikskólastarf

Skólaþróun

Fæðuinntaka ungra barna - matráð

Morgunverðarfundur RannUng – Leikskólinn og yngstu börnin

Deildastjóranámskeið Fagralundi

KÍ þing

FL þing

NAEYC Orlando

Trúnaðarmannafundir og dagar SFK

Skipulagsdagar

1. ***Föstudagur 25. September- skyndihjálparnámskeið og deildarfundir þar sem vetrarstarfið er undirbúið.***
2. ***Miðvikudaginn 11. nóvember – Vinna við læsis- og málstefnu Dals.***
3. ***Mánudaginn 18. Janúar – Fræðsla/námskeið/deildarfundir***
4. ***Þriðjudaginn 9. mars – Mat á skólastarfi***
5. ***Miðvikudaginn og föstudaginn 5-7. maí – Námsferð erlendis.***

8. Aðrar upplýsingar

Skólaárið 2026 -2027 verða 82 börn í Dal.

Árgangur 2021	Árgangur 2022	Árgangur 2023	Árgangur 2024	Árgangur 2025
26	16	22	24	2

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn eru ellefu talsins. Sum þeirra eru þrítyngd en önnur tvítyngd.

9. Húsnæði og lóð

Við óskuðum eftir innréttingu í sal og listaskála til þess að koma leirtaui út úr eldhúsi. Jafnframt var óskað eftir innréttingu, nýjum vöskum og blöndunartækjum þar sem núverandi voru komin vel til ára sinna. Þetta kom á vormánuðum og erum við afskaplega ánægð með útkomuna. Snyrtilegt og stílhreint. Einnig var löguð starfsmannaaðstaða í fataherbergi en þar voru úr sér gengnir skápar og var því skipt út fyrir veglegt fataherbergi. Það er gríðarlegur munur eftir að þetta var tekið í gagnið. Við gátum líka tekið fatahengi af kaffistofu starfsmanna og settum skápa þar í staðinn.



Óskir okkar fyrir komandi vetur innan húss eru eftirfarandi:

- Hurð á þvottahús en það er í dag innangengt frá eldhúsi sem er óhentugt.
- Opnanlegt fag á vesturglugga gangs.
- Það þarf að mála glugga og hurðir því það hefur aldrei verið gert.
- Við eigum stóra drauma og óskum eftir fundarherbergi og viðtalsherbergi en slík rými eru ekki í skólanum.

10. Öryggismál

Í Dal er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum. Slys eru skráð í gegnum forritið *Atvik* í samstarfi við Sjóvá.

Hér má finna: Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Árið 2025-2026 slösuðust 7 börn (4 drengir og 3 stúlkur). Af þeim urðu 3 slys á útisvæði og 4 inni. Um var að ræða eitt beinbrot, fall og högg og hlutust af því mar, skrámur, kúla og skurður. Tveir kennarar slösuðust lítillega, rann í bleytu og meiddist í baki eftir að hafa haldið á barni.



11. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Skóladagatal
Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Fylgiskjal 1 - Skóladagatal 2026 - 2027

Leikskólinn Dalur

Skóladagatal 2026 - 2027

Sumarlokun leikskólans 2027 er:
7. Júlí til og með 3. ágúst.

		ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1	L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2	S		2 M Réttindadið	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ Réttindadið	2 Þ Réttindadið	2 F	2 S	2 M	2 F
3	M	Frídagur verslunarmanna	3 F	3 L	3 Þ Réttindadið	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F Þrettándadagur	3 L
4	Þ	Sumarlokun	4 F	4 S	4 M	4 F Kirkjuferð & nauðsyn d	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5	M	Sumarlokun	5 L	5 M DAGUR KENNARANS	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur leikskólans	5 F	5 M	5 M Skipulagsdagur/náms	5 L	5 M
6	F	Leikskóli opnar 13:00	6 S	6 Þ Réttindadið	6 F	6 S	6 M Þrettándagleði	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ Réttindadið	6 F Uppstigningardagur	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ Leikskóli lokar 13:00
7	F		7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S Dagur tónlistarskólans	7 S	7 M	7 F Skipulagsdagur	7 M	7 M Sumarlokun
8	L		8 Þ DAGUR LÆSIS	8 F	8 S Bankidagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F Sumarlokun
9	S		9 M	9 F	9 M Vinátudagur	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ Skipulagsdagur	9 F	9 S	9 M	9 F Sumarlokun
10	M		10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Öskudagur	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11	Þ		11 F	11 S Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M Skipulagsdagur	11 F JÓLABALL	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ Afmæli Dala	11 F	11 S
12	M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ Réttindadið	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M Sumarlokun
13	F		13 S	13 Þ Réttindadið	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ Réttindadið	13 F	13 S	13 Þ Sumarlokun
14	F		14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stærðfræðinn	14 M	14 F	14 M	14 M Sumarlokun
15	L		15 Þ Réttindadið	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Sumarlokun
16	S		16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu/Leik	16 M	16 L	16 Þ Réttindadið	16 Þ FORELDRAKAFFI	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F Sumarlokun
17	M		17 F	17 L	17 Þ Réttindadið	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18	Þ		18 F	18 S	18 M	18 F	18 M SKIPULAGSDAGUR	18 F ÖMMU OG AFA KAFFI	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19	M		19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M Sumarlokun
20	F		20 S	20 Þ Foreldrakaffi	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M Réttindadið	20 L	20 L	20 Þ Réttindadið	20 F	20 S	20 Þ Sumarlokun
21	F		21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - Upphaf Gó	21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 F	21 M	21 M Sumarlokun
22	L		22 Þ Réttindadið	22 F Skráningardagur	22 S	22 Þ	22 F Þorrablót Dala	22 M Skráningardagur	22 M Skráningardagur	22 F Sumardagurinn fyr	22 L	22 Þ	22 F Sumarlokun
23	S		23 M	23 F Skráningardagur	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ Skráningardagur	23 Þ Skráningardagur	23 F	23 S	23 M	23 F Sumarlokun
24	M		24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ Réttindadið	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Skráningardagur	24 L	24 M	24 F SÓLSTÖÐUHÁTÍÐ	24 L
25	Þ		25 F SKIPULAGSDAGUR	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26	M		26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ Réttindadið	26 F	26 F Föstudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M Sumarlokun
27	F		27 S	27 Þ Bangsadagur íbúar	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Plokkdagur	27 F	27 S	27 Þ Sumarlokun
28	F		28 M	28 M	28 L	28 M Skráningardagur	28 F	28 S	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M Sumarlokun
29	L		29 Þ Réttindadið	29 F	29 S	29 Þ Skráningardagur	29 F		29 M Annar í Páskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F Sumarlokun
30	S		30 M	30 F Hrekkjavaka	30 M	30 M Skráningardagur	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F Sumarlokun
31	M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		31 L

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Inngangur/almennt

Hlutverk foreldraráðs er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt fyrir starfsáætlun leikskólans Dals skólaárið 2026-2027.

Umsögn:

Starfsáætlunin er mjög upplýsandi um starfið sem fram fer í skólanum á skólaárinu sem er að líða og hvernig unnið verður á næsta ári. Það er rýnt í það sem gekk vel og hvað má gera betur og skilvirk umbótaáætlun sett upp. Með því að lesa starfsáætlunina er hægt að lesa sér til um hvernig unnið er að því að styðja við nám, vellíðan og þroska allra barna í skólanum og er hún lýsandi fyrir metnaðarfullt starf sem drifið er áfram að fagaðilum sem vilja gera sitt allra besta til að bjóða börnunum á Dal upp á flott og faglegt leikskólastarf.

Áhersluþættir sem Dalur er að leggja áherslu á koma skýrt fram og áætlarnir um hvernig á að efla þá þætti eru skilvirkar og skýrar í starfsáætluninni. Gott gagnsæi er í starfsáætlun Dals sem gefur foreldrum og öðrum skýra mynd um gang mála.

Fram kom í foreldrakönnun að bæta mætti upplýsingaflæði til foreldra og er ánægjulegt að sjá að plön eru um að bæta þann þátt.

Eins og alltaf er starfsmannahópurinn á Dal faglegur og flottur. Góður mórall virðist einkenna skólann og finna foreldrar fyrir því auk þess sem tölurnar tala sínu máli. Augljóst er að foreldrar og kennarar velji að vera á Dal. Foreldrar með öll börn sín og kennarar haldast lengi í starfi þar. Starfsmenn hafa verið duglegir að sækja sér menntun og fræðslu til símenntunar sem eykur faglegt starf.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Lokaorð:

Starfsáætlun skólans er mikilvægt upplýsingarit fyrir starfsfólk og foreldra/forráðamenn barna á leikskólanum, starfsáætlunin í ár er lýsandi fyrir starf leikskólans og gefur góða mynd af markmiðum og áherslum. Starfsáætlunin er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá og skólanámskrá Dals. Almennt eru börn og foreldrar mjög ánægð með skólastarfið og er augljóst að börnunum líður vel í leikskólanum í hlýju og örvandi umhverfi sem styður við þroska barnanna og námsfýsi þeirra.

Virðingarfyllst fyrir hönd foreldraráðs:

Silja G. Hafliðadóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026